

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir Eyvindará II, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 1. júní 2016 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Eyvindará II, landnúmer 157591. Deiliskipulagið felur í sér uppfærða staðsetningu gistihúss, lítilla gistihúsa og rotþróar. Uppfærð er vísun í aðalskipulagsupphrátt en eldra skipulag vísaði í aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017. Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs og bílastæðum breytt. Bætt er við byggingarreitum fyrir eitt lítið gistihús, gistiálmu til austurs, tengingu við eldri þjónustuhús og framtíðarstækkun gistiálmu til vesturs. Breytt er bílastæðum við aðalbyggingu, fyrirkomulagi þeirra breytt, stæðum fjölgað og bætt við rútustæðum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Fljótsdalshéraði, 20. júní 2016.*

**Vífill Björnsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2016